

Október 2009-10-13

Fagráð pípulagna

Fundur var haldinn í fagráði nú í október, þar ræddu fundarmenn um ýmis mál sem varðar pípulagnafagið. Helstu atriði sem fram komu voru eftirfarandi :

Mikil breyting hefur verið á efnisvali síðustu ár. Ál-PEX-pípur með klemmdum samskeytum eru mikið notuð, þar eru pípur og tengi klemmd saman, PP-R plast með límdu samskeytum, þunnveggjastálpípur bæði í svörtu og ryðfríu með klemmdum tengistykkjum og síðan rör í rör kerfi sem eru PB-eða PEX-plastpípur, þar sem ekki eru samsetningar nema í tengikistum og við aftöppunarstaði. Það er sannmerkt með þessum kerfum að það þarf kunnáttu og æfingu til að umgangast þessi efni og verkfæri þurfa að vera frá viðurkendum aðilum. Sem dæmi er nauðsynlegt að tangir sem pressa pípur og tengistykki saman þurfa að vera frá sama framleiðanda og pípurnar . Tangir þurfa að vera óslitnar og fara reglulega í stillingu til að tryggja að þær pressi rétt saman. Rör í rör kerfið má alls ekki nota nema innan marka þess sem framleiðandi gefur upp svo sem heildarlengd frá dreifikistu að hverri tengingu og fjöldi beygja á leggnum, annars er ekki hægt að skipta um innra rörið. Ál-PEXID þarf að einangra á sama hátt og stálpípur og ef það er notað inn í gífsveggjum með stálstoðum skal slíta pípurnar frá stoðunum með slífum því annars er hætt á því að pípur nuddist við stálstoðirnar og myndi hljóð við þenslur. Hönnuðir þurfa einnig að kynna sér rækilega allar reglur sem þarf að fara eftir og takmarkanir á því efni sem valið er, t.d. þarf að aðgæta að því ákvörðun um efnisval getur verið mismunandi á milli vatns-og hitaveitna á landinu. Upplýsingar um ráðgjöf um efnisval er á www.lagnaval.is
Öll þessi atriði eru víða brotin og þessu verður að breyta.

Fundarmenn höfðu einnig áhyggjur af lokafrágangi verka.

Algengt er að hver fagaðili telur sig hafa lokið sínum verkþætti, án þess að heildarsamræming á milli fagaðila hafi farið fram. Þetta veldur oft byggjandanum vandræðum og skapar óánægju og fram koma kvartanir.

Nauðsynlegt er að fagaðilar og hönnuðir fari saman og geri úttektir og fari yfir virkni kerfanna til að tryggja að kerfin vinni skv.forskrift. Kom fram á fundinum að Umhverfissráðuneytið í samráði við LAFÍ er með í undirbúningi að lögilda úttektarmenn sem taki út lokafrágang kerfa og gera stikk prufur á fagmenn og hönnuði og flokka menn eftir gæðum.

Fundarmenn voru sammála um að koma á málstofu-fræðslufundi í vetur til að ræða þessi mál ásamt fleiru sem tengist faginu, lagt er til að LAFÍ koma á slíkum fundi eftir áramót.

Ragnar Kristinsson
formaður Fagráðs.